

Nd. 745. Frumvarp til laga [198. mál]

um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1954.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja 35 milljónum króna af tekjum ríkissjóðs árið 1954 sem hér segir:

1. Til Ræktunarsjóðs	8	millj. kr.
2. Til Fiskveiðasjóðs	8	— —
3. Lána veðdeild Búnaðarbanka Íslands	4	— —
4. Til greiðslu á framlagi ríkissjóðs fyrir árið 1955 til útrýmingar heilsuspillandi íbúða	3	— —
5. Til greiðslu uppbóta á sparifé	1.5	— —
6. Til Brúarsjóðs til endurbygginga gamalla stórbrúa	1.5	— —
7. Greiða upp í hluta ríkissjóðs af stofnkostnaði við skóla, sem þegar hafa verið byggðir eða eru í byggingu	2.0	— —
8. Greiða upp í hluta ríkissjóðs af kostnaði við hafnargerðir, sem þegar hafa verið framkvæmdar	1.0	— —
9. Að leggja til hliðar upp í framlag ríkisins til atvinnuleysistrygginga	6	— —

Vextir af lánnum samkv. 3. tölulið skulu vera 5½% á ári og lánstími 20 ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt bráðabirgðayfirliti er greiðsluafgangur ríkissjóðs árið 1954 áætlaður um 35 millj. kr. Frumvarp þetta hefur að geyma tillögur ríkisstjórnarinnar um ráðstöfun á þessum greiðsluafgangi. Verður gerð nánari grein fyrir einstökum liðum frumvarpsins í framsögu.